

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Holtsmúli 4, óveruleg breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 22. ágúst 2019, tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi, dags. 8. desember 2011, með síðari breytingum, fyrir jörðina Holtsmúla 4. Með breyttu deiliskipulagi er uppbyggingu innan reitanna L1 og G1 víxlað innbyrðis. Önnur ákvæði haldast óbreytt.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 26. ágúst 2019.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2019